

Sveitarfélagið Ölfus  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 27. nóvember 2017  
UST201710-182/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing. Aðalskipulag Ölfuss 2010 - 2022 – hafnarsvæði - breyting**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ölfuss, er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010 – 2022 á hafnarsvæði í Þorlákshöfn. Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er um 86 ha að stærð.


Markmið breytinganna er eftirfarandi: Að fjölga lóðum fyrir hafnsækna starfsemi á og við hafnarsvæðið. Að skapa áfram góð skilyrði fyrir fiskihöfn og vinnslu. Að aðlaga höfnina vegna aukinna umsvifa vöruflutninga. Að bæta aðkomu að hafnarsvæðinu og gera umferð vélknúinnar umferðar sem og gangandi og hjólandi skilvirkari, m.a. með undirgöngum/mislægum gatnamótum undir Þorlákshafnarveg.


#### **Áætlaðar breytingar**

Áætlaðar breytingar eru eftirfarandi: breyting á vegakerfi, m.a. stofnvegi að Herjólfsbryggju. Vegurinn liggur milli lóða Lýsis í gildandi aðalskipulagi en gert er ráð fyrir að hann færist annað hvort yfir á Óseyrarbraut eða Hafnarskeið. Færsla fráveitulagnar. Að athafnasvæði norðan aðkomuvegar verði hluti hafnarsvæðis. Einnig að skilmálar fyrir svæðið verða endurskoðaðir m.t.t. nýrra lóða og ferðaþjónustu.

Í lýsingu kemur fram að ofangreindar breytingar eru háðar lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem skipulagið felur í sér framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu. Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur